

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1512
komudagur 26.3.2002

Umsögn Hagþenkis um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð (þskj. 844, 539. mál).

Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (þskj. 857, 549. mál), 9. grein, kemur fram að nýstofnuðum Rannsóknasjóði kunni að vera falin varsla annarra sjóða, s.s. Launasjóðs fræðiritahöfunda. Það er því ljóst að fræðiritahöfundar, félagsmenn Hagþenkis, eiga mikið undir því að vel takist til um skipan þessa nýja sjóðs sem nú er verið að stofna í stað Vísindasjóðs. Það er því mikilvægt að gengið sé til þess verks af metnaði, en sá metnaður þarf að vera á réttum sviðum.

Megininntak þessa frumvarps virðist vera stofnun Vísinda- og tækniráðs til að sinna sömu verkefnum og Rannsóknarráð sinni áður. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvaða breytingar verði á starfsemi ráðsins við þetta, að öðru leyti en því að stjórn ráðsins verður skipuð með öðrum hætti en áður.

Hér er gert ráð fyrir stórauðnum pólitískum afskiptum af rannsóknum, með því að fjórir ráðherrar sitji í ráðinu en einnig sitji þar sex ráðherraskipaðir fulltrúar. Þetta er, samkvæmt greinargerð, gert til þess „að starfsemi þess fái þá pólitísku athygli sem viðfangsefnið verðskuldar“. Ekki er ljóst hvers vegna vísindi á Íslandi „verðskulda“ aukna athygli stjórnmalamanna eða hvort um vanrækslu á þessu sviði hafi verið ræða vegna ónógrar persónulegrar þátttöku ráðherra í ákvörðunum. Hins vegar er tekið fram í greinargerð að Ísland standi sig vel í alþjóðlegum samanburði á þessum sviði. Þá kemur fram í greinargerð að tekið sé mið af skipulagningu rannsóknamála í Finnlandi, þar sem Finnar hafi náð „góðum árangri á þessu sviði á skömmum tíma“. Má af því ráða að markmiðið sé að auka skammtímaávinning af rannsóknum og návist ráðherra talin besta leiðin til þess.

Það vekur athygli að einungis framkvæmdavaldið á að skipa pólitíska fulltrúa í þessu nýja ráði. Virðist markmiðið þar fremur vera að knýja fram vilja þingmeirihlutans á þessu sviði, heldur en að skapa breiða pólitíska samstöðu um stuðning við rannsóknir.

Hvað varðar aðra fulltrúa í ráðinu virðist vel til fundið að láta samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefna fjóra fulltrúa. En vegna stærðar og yfirburða Háskóla Íslands í fræðasamfélaginu væri eðlilegt að þrjár af fjórum fulltrúum væru tilnefndir af Háskóla Íslands. Síðan er launamönnum gert að tilnefna tvo, en þó ekki samtök þeirra launamanna sem hafa vinnu við rannsóknir og ætla má að hafi mesta þekkingu og aðstöðu til að mynda sér skoðanir á því sviði. Þess í stað er leitað til samtaka launamanna í hefðbundnum atvinnugreinum. Eins er það varðandi fulltrúa fyrirtækjanna, þar er leitað til heildarsamtaka atvinnurekenda í stað þess að leita til þeirra fyrirtækja sem einkum hafa nýtt sér vísindalega þekkingu og rannsóknir.

Stjórn Hagþenkis hefur nokkrar efasemdir um að þessi nýskipan sé til þess fallin að efla stöðu rannsókna á Íslandi. Rökstuðningur fyrir því að hér þurfi að stórauka pólitísk

afskipti af rannsóknum er ónógur og bagalegt að þar skuli einungis miðað við að fulltrúar þingmeirihluta hverju sinni komi að ákvarðanatöku. Hvað varðar fulltrúa þess sem oft er nefnt „atvinnulífið“ (en vinna rithöfunda og fræðimanna fær sjaldnast að teljast þar með) þá virðist fátt benda til þess að þar verði leitað til þeirra sem mest sinna rannsóknum og mestan hag hafa af því að þeim sé sinnt. Vel fer hins vegar á því að hafa þarna fulltrúa fræðasamfélagsins (skipaða af samstarfsnefnd háskólastigsins) en hlutur þeirra mætti hins vegar vera stærri.

Hagþenkir vill ennfremur leggja áherslu á að ekki verði hróflað við stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda. Hins vegar þarf að stórefla fjárveitingu til sjóðsins því að aðeins hefur verið unnt að sinna um 10% umsókna þar.

Stjórn Hagþenkis vill því ekki mæla með því að þetta frumvarp verði samþykkt án breytinga og telur rétt að skipan stjórnarmanna í Vísinda- og tækniráð verði endurskoðuð.



Alþingi
Erindi nr. P 125, 2002
komudagur 18.4.2002

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. apríl 2002

Sam 145/2002 PS/sp
Tilv.: 215,0

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um: Opinberan stuðning við
vísindarannsóknir, 549. mál, opinberan stuðning við tækniþróun og
nýsköpun, 553. mál, og Vísinda- og tækniráð, 539. mál.**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. apríl, var lagt fram bréf frá menntamála-, iðnaðar- og allsherjarnefnd Alþingis, dags. 6. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til laga um: Opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 549. mál, opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun, 553. mál, og Vísinda- og tækniráð, 539. mál.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvörpin.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Samrit: Iðnaðarnefnd og menntamálanefnd Alþingis